

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 24. apríl kl. 14:00 var haldinn 334. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Þórður Gunnarsson, Kristinn Hallur Sveinsson í fjarveru Valgarðs Lyngdal Jónssonar, og Guðveig Eyglóardóttir. Vala tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Sævar Freyr Þráinsson forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 333 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 14:05 mætti Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála ásamt Gísla Birni Björnssyni til fundarins og kynnti stöðu fjármögnunar ásamt vörspá 2023. Umræður.
Áhættuskýrsla Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 17.04.2023 lögð fram og skýrð.
3. Klukkan 14:46 mætti Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans til fundarins og greindi frá hlutafjárútkningarfæri Ljósleiðarans. Umræður.
4. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita Sævari Frey Þráinssyni forstjóra prókúruumboð.
5. Lögð fram jafnréttistefna með leiðréttingu á orðalagi. Samþykkt samhljóða.
6. Lögð fram stefna um upplýsingaöryggi og persónuvernd. Stefnan rýnd og samþykkt.
Lagt fram minnisblað, dags. 24.04.2023 vegna rýni á gæðastefnu. Lagt er til að stefnan verði óbreytt. Stefnan rýnd og samþykkt.
7. Klukkan 16:00 mættu Sigrún Tómasdóttir og Þráinn Friðriksson, sérfræðingar hjá Rannsóknunum og nýsköpun og Sverrir Guðmundsson, vatnsveitu, til fundarins og kynntu stefnuverkefnið „Vegvísir forðamála fyrir vatnsveitu Borgarness, Bifrastar og nærsveita“. Umræður.
8. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 19.04.2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 21.04.2023.
9. Klukkan 16:25 mætti til fundarins Hera Grímsdóttir, framkvæmdastýra Rannsókna og nýsköpunar OR ásamt Völu Hjörleifsdóttur og Hörpu Pétursdóttur, og greindi frá skoðun vindorkukosta. Umræður.
10. Lagðar fram til upplýsingar, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ohf. dags. 19.04.2023

Fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 22.03.2023

Fundargerðir stjórnar Carbfix hf. dags. 22.03.2023

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 19.04.2023

Fundargerð stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 23.03.2023

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 19.04.2023

Fundargerð stjórnar Ljósleiðarans ehf. dags. 24.03.2023

11. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni um starfsemina, dags. 20.04.2023, ásamt yfirliti um fyrirhugaða skipan stjórnna dótturfélaga.

12. Forstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu, dags. 24.04.2023. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita forstjóra og stefnustjóra umboð til að hefja undirbúning á fyrirhugaðri endurskoðun á heildarstefnu OR og stefnumótun.

Samþykkt.

Ákveðið að halda vinnudag stjórnar þann 29. september nk.

13. Minnt á árshátíð OR, laugardaginn 29. apríl nk.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 17:33.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. maí 2023.

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir,

Þórður Gunnarsson, Kristinn Hallur Sveinsson, Guðveig Eyglóardóttir.

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2023, mánudaginn 27. mars kl. 13:00 var haldinn 333. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir og Unnur Líndal, áheyrnarfulltrúi starfsfólks. Guðveig og Unnur tóku þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerðir SF 330, SF 331 og SF 332 ásamt fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur Eigna 09.03.2023 lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða sendar til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mætti Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála, ásamt Gísla Birni Björnssyni, sérfræðingi í fjárstýringu og greiningum og kynnti stöðu fjármögnunar og greindi frá lánshæfismati Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.
3. Klukkan 13:40 mættu Guðjón Hlynur Guðmundsson, Viðar Kárason og Ingunn Ólafsdóttir frá innri endurskoðun Reykjavíkurborgar til fundarins og kynntu niðurstöðu úttektar á aðfangaverli Orkuveitu Reykjavíkur. Umræður.
4. Lögð fram svohljóðandi tillaga starfskjaranefndar Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 22.03.2023 varðandi starfsreglur starfskjaranefndar. Tillögunni fylgir greinargerð.

Ákvæði 3. gr. breytist þannig að ákvæðið taki einungis til starfskjara forstjóra en ekki bæði forstjóra og innri endurskoðanda.

Samþykkt samhljóða.

5. Lagðar fram svohljóðandi tillögur til aðalfundar.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að veita stjórnarformanni umboð til boðunar aðalfundar Orkuveitu Reykjavíkur 2023, þann 26. apríl nk., í samræmi við sameignarsamning og að höfðu samráði við eigendur.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkti á fund sínum þann 14. mars 2023 að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 5.500 milljónir króna eða tæplega 2,0% af eigin fé í árslok 2022 og 70% af hagnaði ársins. Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2023-2027.

Starfskjaranefnd Orkuveitu Reykjavíkur leggur til við stjórn Orkuveitu Reykjavíkur að eftirfarandi tillaga verði samþykkt:

Með vísan í c. lið greinar 4.2 starfskjarastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem kemur fram að þóknun stjórnar skuli taka mið að þeirri ábyrgð sem á stjórnarmönnum hvílir, þess tíma sem varið er til stjórnarstarfa og að teknu tilliti til almennrar þróunar launa innan og utan OR, leggur starfskjaranefnd til að laun stjórnarmanna hækki um 7,5% og nemi 210.647 íslenskum krónum mánuði. Laun stjórnarformanns skulu nema tvöföldum launum stjórnarmanna.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja til við aðalfund að Grant Thornton endurskoðunarfyrtæki verði kosið endurskoðunarfélag Orkuveitu Reykjavíkur árið 2023.

Tillögurnar samþykktar samhljóða.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga dags. 23.03.2023 um störf við undirbúning ráðningar forstjóra.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að greitt verði fyrir störf núverandi og fyrrverandi stjórnarfólks við undirbúning ráðningar forstjóra með sama hætti og greitt er fyrir störf í starfskjaranefnd.

Samþykkt samhljóða.

7. Lögð fram svohljóðandi tillaga, dags. 27.03.2023 um framlög Orkuveitu Reykjavíkur í orkurannsóknarsjóð fyrir árið 2023. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir að leggja 110 milljónir króna í orkurannsóknarsjóð fyrir rannsóknir tengdar þeim heimsmarkmiðum sem fyrirtækið leggur áherslu á.

Samþykkt.

8. Skýrsla regluvarðar fyrir árið 2022 lögð fram. Umræður.
9. Klukkan 14:35 mætti Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra Veitna, til fundarins og greindi frá breytingum á skipulagi þjónustu. Umræður.
10. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 22.03.2023 og minnisblað um forðagæslu, dags. 23.03. 2023.
11. Klukkan 14:50 mætti Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs- og menningar til fundarins ásamt Krístrúnu Pétursdóttur. Lagt fram minnisblað, dags. 27.03.2023 um rýni á mannauðsstefnu, jafnréttisstefnu og siðareglum. Lagt er til að stefnurnar og siðareglurnar verði samþykktar með smávægilegum breytingum. Samþykkt.

Ellen Ýr gerði grein fyrir stöðu kjarasamningsviðræðna.

12. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ohf. dags. 20.03.2023

Fundagerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 27.02.2023

Minnisblað framkvæmdastýru Eignarhaldsfélagsins Carbfíx ohf. dags. 28.02.2023

Fundargerðir stjórnar Eignarhaldsfélagsins Carbfíx ohf. dags. 25.01, 02.02, 17.02 og 28.02.2023

Minnisblað framkvæmdastýru Carbfíx hf. dags. 20.03.2023

Fundargerðir stjórnar Carbfíx hf. dags. 25.01, 02.02, 17.02 og 28.02.2023

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 23.03.2023

Fundargerðir stjórnarfundar Veitna ohf. dags. 23.02 og 24.02.2023

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans ehf. dags. 15.02 og 22.03.2023

Fundargerðir stjórnarfundar Ljósleiðarans ehf. dags. 24.01, 17.02 og 22.02.2023

13. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni um starfsemina á milli stjórnarfundum, dags. 23.03.2023.
14. Klukkan 15:40 mætti Birna Bragadóttir, forstöðukona Elliðaárstöðvar og Jarðhitasýningar til fundarins, greindi frá framkvæmdum og áformum við Sögu og tækniminjasafnið í Elliðaárdal.
15. Önnur mál.

Lögð fram að nýju tillaga Ragnildar Öldu Maríu Vilhjálmsdóttur, en afgreiðslu var frestað á fundi stjórnar, dags. 27. febrúar 2023. Samþykkt að óska eftir skoðun innri endurskoðunar á breyttri fyrirspurn.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:10.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 24. apríl 2023.

Gylfi Magnússon,
Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnildur Alda María Vilhjálmsdóttir,
Þórður Gunnarsson, Valgarður Lyngdal Jónsson, Guðveig Eyglóardóttir.



Jafnréttisstefna er skuldbinding Orkuveitu Reykjavíkur um stöðugar umbætur í jafnréttismálum. OR leggur mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar til grundvallar jafnréttisstefnu sinni. Jafnréttisstefna OR miðar að því að meta einstaklinga að eigin verðleikum og að þeir fái notið jafns réttar. Fyrirtækið vinnur markvisst að því:

- Að starfskjör **fyrir jafnverðmæt störf sé jöfn óháð kyni.**
- Að jafna hlutfall kynja innan OR samstæðunnar og einstakra fyrirtækja, hópa, sviða, deilda.
- Að auka fjölbreytni innan fyrirtækja og hópa til að mynda varðandi kynferði, aldur, kynhneigð, trúarbrögð, skoðanir, þjóðerni, kynþætti, litarhætti, efnahag, ætterni og stöðu að öðru leyti.
- Að gera starfsfólki kleift að samræma sem best einkalíf og starfsábyrgð.
- Að efla jafnréttismenningu starfsfólks OR samstæðunnar.
- Að efla fræðslu og vitund starfsfólks um málefni og áskoranir minnihlutahópa.
- Að vinna gegn einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundnu áreitni og kynferðislegri áreitni innan fyrirtækisins.
- Að tryggja fjölbreytni innan hópa á öllum stigum ábyrgðar- og ákvarðanatöku innan fyrirtækisins og tekið sé mið af jafnréttissjónarmiðum við stefnumótun og stærri ákvarðanir.
- Að tryggja gott aðgengi og vinnuástöðu á grundvelli líkamlegs og andlegs atgervis.

OR uppfyllir kröfur í formi laga, reglna og reglugerða um jafnréttismál.

Jafnréttisstefnan byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu.

Mæling: Jafnlaunagreining.

Tilvísanir:

- [SKI-100](#); Ábyrgðir i vottuðum stjórnunarkerfum.
- [SKI-245](#); Jafnlaunakerfi (ÍST 85).
- [STE-019](#); Starfskjarastefna.
- [STE-046](#); Framkvæmdaráætlun jafnréttisnefndar.

OR's Equality Policy



The equality policy is OR's commitment to continuous improvement based on equality. OR bases its equality policy on the human rights provisions of the constitution. OR's equality policy aims to value individuals on their own merits and for them to enjoy equal rights. The company systematically works to ensure that:

- The employee benefits for **equally valuable jobs are equal independent of gender.**
- The ratio between men and women, working at OR and within its groups and departments, is equal.
- Diversity within OR is increased, e.g. when it comes to gender, age, sexuality, religion, opinion, nationality, race, economic stance, family relations, and position in other respects.
- Employees maintain a healthy work-life balance.
- A culture of equality is reinforced.
- Employees are educated and made aware of topics and challenges of minority groups.
- Bullying, gender-based violence, gender-based harassment, and sexual harassment within the workplace is counteracted.
- Equality considerations are accounted for in policy-making and larger decisions.
- Good access and good work facilities based on physical and mental ability are provided.

OR meets all laws, rules, and regulatory requirements when it comes to equality issues.

The equality policy is based on OR's values and strategy and is presented in accordance with the company's ownership strategy.

Stefna um upplýsingaöryggi og persónuvernd

Orkuveita Reykjavíkur lítur á meðhöndlun og varðveislu upplýsinga sem mikilvægan þátt í að styðja við ákvarðanatöku og framvindu ferla fyrirtækisins og nauðsynlegan þátt í virðiskeðju þess. Það er stefna OR í upplýsingaöryggi og persónuvernd að upplýsingar séu réttar, tiltækar og trúnaðar¹ gætt þar sem við á. Öll meðferð OR á persónuupplýsingum lýtur lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

Þetta gerir OR með því að:

- finna og meðhöndla áhættu og vinna að stöðugum umbótum.
- treysta fólki og fela því umsjón með upplýsingaöryggi og persónuvernd með því að efla vitund.
- verja gögn og tryggja að trúnaðar sé gætt.
- vinna með gögn þannig að þau skili sér á réttan vistunarstað, séu rétt, spillist ekki og að úr verði áreiðanlegar upplýsingar.
- **tryggja réttindi einstaklinga með tilliti til persónuupplýsinga þeirra.**
- notendur hafi auðveldan aðgang að upplýsingum og þjónustu sem þeir hafa þörf fyrir hverju sinni - Ópið en öruggt.

Stefna um upplýsingaöryggi og persónuvernd byggir á gildum og heildarstefnu OR og er sett fram til samræmis við eigendastefnu fyrirtækisins.

Mælikvarðar:

[Þátttaka í fræðslu um upplýsingaöryggi](#)

[Þátttaka í fræðslu um persónuvernd](#)

Uppitími lykilverfa

Sannprófun afrita

Tilvísanir:

[SKI-100](#)

Ábyrgðir í vottuðum stjórnunarkerfum

[SKI-225](#)

Upplýsingaöryggisstjórnunarkerfi (ISO 27001)

[STJ-250](#)

ISO 27001 Stjórnunarpættir upplýsingaöryggis (SOA)

[STJ-010](#)

Skipulagning málaflokka

[LBC-140](#)

Vinnsla persónuupplýsinga – staðfesting og aðgangur

[STJ-550:](#)

Persónuvernd hjá samstæðu OR

¹ e. Confidentiality


MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur
Sendandi: Kristjana Kjartansdóttir og Guðrún Erla Jónsdóttir
Dagsetning: 24. apríl 2023
Efni: **Gæðastefna**

Mikilvægi gæðastefnu

Komið er að rýni gæðastefnu OR til samræmis við starfsáætlun stjórnar. Að þessu sinni eru ekki lagðar til breytingar á stefnunni. Það hafa engar breytingar orðið á innra umhverfi eða því ytra, sem kalla á breytta stefnu.

Gæðamál og stefnan taka til þjónustu, verkefnastjórnunar, skjala- og upplýsingastjórnunar, eignastýringar og stafrænnar vegferðar. Gæðamál taka á allri virðiskeðju samstæðunnar, frá auðlind til viðskiptavinar.







Í byggingareglugerð er þess krafist að hönnuðir starfi samkvæmt gæðakerfi. Gæðastjórnun leggur að auki grunn að matvælaöryggisstjórnun og gæðum sölumæla og mælinga. Vottun ytri aðila á gæðakerfi OR er staðfesting á því að við uppfyllum þær kröfur sem gerðar eru til okkar.

Í OR samstæðunni hefur verið innleitt gæðastjórnunarkerfið ISO 9001 og OR verður að vera með gæðastjórnun vegna starfseminnar. Gæðastjórnunarkerfið er vottað árlega af ytri aðilum.

Markmið og mælingar hjá OR

Gæðastefnan styður þessi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna:


	Heimsmarkmið 6 <i>Hreint vatn og hreinlætisaðstaða</i> vegna þess að gæði vatns og fráveitu byggja undir þetta markmið.
	Heimsmarkmið 7 <i>Sjálfbær orka</i> vegna þess að framleiðsla orkunnar, bæði raforku og hitaveitu, miða að sjálfbærni.

	Heimsmarkmið 11 <i>Sjálfbærar borgir og samfélög</i> vegna þess að byggingareglugerðin leggur áherslu á að taka mið af því við ábyrgar framkvæmdir.
	Heimsmarkmið 9 <i>Sköpun og uppbygging</i> vegna þess að gæðamálin taka á allri virðiskeðjunni, auk þess sem þetta markmið styður við sjálfbærar borgir og samfélög.

Markmið gæðastefnu eru tvö. Fyrra markmiðið er **ánægja viðskiptavina**, en hún er mæld hjá félögunum sem þjónusta viðskiptavini okkar beint. Gæðastefnan styður auk ánægju jákvæðni í garð OR og félaga. Seinna markmiðið snýr að því hversu jákvæðum augum samfélagið lítur vörumerkin okkar. Eitt af því sem OR samstæðan vill vera er **góður samfélagsþegn** og er það eitt af okkar mælanlegu lykilmarkmiðum. Fjórum sinnum á ári mælum við viðhorf fólks til vörumerkja samstæðunnar og spyrjum *hversu jákvætt/neikvætt* fólk er gagnvart þeim. Meðaltalið úr þessum mælingum er notað sem mælikvarði á markmiðið um að vera góður samfélagsþegn. Í lok marsmánaðar náði samstæðan settu marki og fékk einkunnina 6,3 af 10.

	Staðan 2019	Markmið 2023	Núverandi staða 2023
	5,8	6,3	6,3

Af þessu meðaltali gaf mæling fyrir Orkuveitu Reykjavíkur einkunnina 5,74 og hefur þá hækkað um 20% frá því í upphafi ársins 2019 þegar einkunnin var 4,8.

	Staðan 2019	Núverandi staða 2023
	4,8	5,74

Helstu verkefni sem unnið er að um þessar mundir til að við getum náð markmiðum okkar um ánægða viðskiptavini snúa öðru fremur að innleiðingu stafrænna solumæla og mælinga, verkefni sem Veitur leiða. Þá eru gæðamál að styðja við og taka þátt í stefnuverkefni ON sem snýr að nýju sölukerfi fyrir hleðslulausnir á þeirra vegum.

Undanfarin ár hefur verið unnið hörðum höndum að því bæta verkefnastjórnun í samstæðunni. Enn er unnið að þessu mikilvæga viðfangsefni og mikill kraftur er í innleiðingu Vitans svokallaða, sem er nýtt verkefnastjórnunartól. Þá er samhliða verið að innleiða lausnir til að auðvelda skjalavinnslu.

Þessi stóru verkefni sem getið er um, vega þungt í þeirri vinnu sem unnið er til að innleiða gæðastefnu og áherslur hennar.

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur - SF 330
 Sendandi: Snorri Jökull Egilsson, Umhverfismál OR
 Dagsetning: 19. apríl 2023
 Efni: **Umhverfismál fyrir stjórn OR 24. apríl 2023. Staða þriggja árangursmælikvarða sem falla undir árangursvogina „Umhverfi og samfélag“**

Heiti mælikvarða	2020				2021				2022				2023			
	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF	1. ÁF	2. ÁF	3. ÁF	4. ÁF
Opinber leyfi Carbfix í gildi og uppfyllt																
Opinber leyfi Veitna í gildi og uppfyllt														*		
Opinber leyfi ON í gildi og uppfyllt														**		
Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti																
Staða loftslagsmælikvarða																

*2.ÁF: Óhreinsað skólp í sjó, heitt vatn út í umhverfið.

**2.ÁF: Vatnshæð Skorradalsvatns undir mörkum.

Opinber leyfi OR, ON, Veitna og Carbfix í gildi og uppfyllt

ORKUVEITA REYKJAVÍKUR:

Elliðaár: Ekkert nýtt.

ORKA NÁTTÚRUNNAR:

Andakilsárvirkjun: Ekkert nýtt.

Jarðvarmavirkjanir: Ekkert nýtt.

Leyfi og eftirlit:

- Leyfi Geislavarna ríkisins vegna hreinsunar og geymslu á náttúrulega geyslavirkum útfellingum úr borholum var endurnýjað 1. apríl.
- Vatnshæð Skorradalsvatns fór 1 sm undir viðmiðunarmörk 28.-30. mars vegna þurrka. Tilkynnt.

Samskipti við hagsmunaaðila:

- Hafrannsóknastofnun hefur kynnt áætlun um rannsóknir á lífríki Skorradalsvatns m.a. vegna áhrifa vatnsborðslækkunar sem fór undir mörk í desember og janúar s.l. Áætlað er að gera úttekt á lífríki Andakilsár í inntakslóni ofan stíflu áður en framkvæmdir við lónið hefjast á næsta ári.
- Fundur haldinn með Orkustofnun 14. mars til að kynna fyrirhugaðar rannsóknaboranir í Meitlum.
- Skipulags- og umhverfisnefnd Ölfus kom í heimsókn í Hellsheiðarvirkjun 18. apríl til að fræðast um starfsemina og verkefni framundan.

Forðagæsla og vindorka: Sjá minnisblað og kynningu framkvæmdastýru Rannsókna og nýsköpunar.

VEITUR:

Vatnsveita: Ekkert nýtt.

Hitaveita: Heitt vatn lak úr ofanvatnsyfirfalli á friðlýsta svæðinu Háubakkar í Elliðaárvogi. Þetta kom í ljós í eftirlitsferð Umhverfisstofnunar sem upplýsti Veitur. Byggingaraðili í framkvæmdum hafði tengt bakvatn inn á ranga fráveitulögn og lagfæringu er lokið. Umhverfisstofnun upplýst.

Rafveita: Ekkert nýtt.

Fráveita: Vegna viðhalds á dælustöð fráveitu við Skúlagötu var óhreinsað skólp losað í sjó í 30 klst. 27. - 28. mars. Tilkynnt.

Leyfi og eftirlit: Ekkert nýtt.

Forðagæsla: Sjá minnisblað framkvæmdastýru Rannsókna og nýsköpunar.

CARBFIX: Ekkert nýtt.

Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti

- Það sem af er 2023 hefur styrkur verið undir sólarhringsmörkum.

Loftslagsmál

- Lofthreinsistöð á Hellsheiði hefur verið á fullum afköstum það sem af er ári en hlutfall niðurdælingar miðað við uppteikt á CO2 hefur þó minnkað, sennilega vegna þrengingar í niðurdælingarholu. Unnið er að úrbótum.
- Vel gengur að reka nýja tilraunahreinsistöð við Nesjavallavirkjun.

Annað

Umsagnir um lög, reglugerðir, skipulagsáætlanir ofl: Ekkert nýtt.

Mat á umhverfisáhrifum ofl: Þann 18. apríl birti Skipulagsstofnun ákvörðun um að fyrirhugaðar rannsóknaboranir í Meitlum séu ekki háðar mati á umhverfisáhrifum. [Sjá hlekk hér.](#)

Þekkingarmiðlun: Náttúrumiðaðar lausnir með bakkavörnum við Andakilsá voru kynntar á Fagrððstefnu skógræktar á Ísafirði 29.-30. mars

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri
Sendandi: Hera Grímsdóttir, Ingvi Gunnarsson og Vala Hjörleifsdóttir
Dagsetning: 21. apríl 2023
Efni: **Minnisblað forðagæslu**

Rannsóknir á nýjum svæðum ON – samskipti við hagaðila

RoN hefur undanfarna mánuði unnið að því að undirbúa skipulags- og leyfismál vegna rannsókna á nýjum svæðum í Henglinum. Kynnt hefur verið matsskyldufyrirspurn vegna rannsóknarborana í Meitlum meðal hagaðila. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum við matsskyldufyrirspurninni frá sex aðilum og bárust umsagnir frá þeim öllum á tímabilinu. Í umsögnum frá Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun komu fram talsverðar áhyggjur af umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar, sérstaklega af áhrifum framkvæmdanna á jarðminjar og landslag. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var að framkvæmdin er ekki matsskyld og haldast því fyrstu rannsóknarboranir í Meitlum á áætlun í lok árs.

Sveitarfélagið Ölfus hefur [auglýst skipulags- og matslýsingu](#) vegna rannsóknarborananna í Meitlum opinberlega skv. skipulagslögum. Ekki hefur verið farið yfir þær ábendingar sem hafa borist á auglýsingatímanum, en þær verða hafðar til hliðsjónar við mótun deiliskipulags fyrir framkvæmdasvæðið í Meitlum. Hera Grímsdóttir, framkvæmdastýra RoN, og Harpa Þ. Pétursdóttir, stjórnandi málefna haghafa og stjórnsýslu ON, áttu fund þann 21. mars sl. með Elliða Vignissyni, bæjarstjóra Ölfuss, þar sem rætt var mikilvægi samstarfs OR samstæðunnar og sveitarfélagsins.

Rannsóknir á nýjum svæðum og auðlindaréttindi - Veitur

Hitaveita höfuðborgarsvæðisins

Annar áfangi hitastigulsborana á Kjalarnesi hófst 12. apríl. Fyrirhugað er að bora 6 holur á sunnanverðu Kjalarnesi til að afmarka betur sterkt hitastigulsfrávik sem kom í ljós á Brimnesi. Einnig er til skoðunar að bora þrjár holur í landi Dalsmynniss ef samningar nást við landeiganda.

Samtal er hafið við Garðabæ um borun hitastigulsholna á Álftanesi. Settar hafa verið út 9 holur og eru 5 þeirra í landi sveitarfélagsins, 3 á landi í eigu einkaaðila og 1 á ríkislandi. Lóðir og Lendur munu hafa samband við einkaaðilana og Ríkiseignir og kanna áhuga á samningum um jarðhitaleit og nýtingu.

Tillaga ÍSOR um rannsóknarholu á Geldinganesi liggur fyrir. Gert er ráð fyrir bora 1000 m langa skáholu, með 30° halla, nyrst á nesinu þar sem hitastigulsfrávik er sterkast.

HAB

Ein af niðurstöðum stefnuverkefnis um framtíðarsýn forðamála fyrir HAB sem lauk 2022 var að fýsilegt væri að leita að jarðhita í landi Borgar á Mýrum en þar er ein

hitastigulshola sem sýnir umtalsvert hærrí stigul en sést í nágrenninu. RoN og LoL eru að undirbúa samtal við Þjóðkirkjuna um samstarf um jarðhitaleit og nýtingu á Borg.

Vinnuhópur um öflun auðlindaréttinda er að undirbúa samtal við landeigendur í Bæjarsveit um endurskoðun samninga um eigendavatn og kauprétt á heitu vatni. Réttindi landeigenda eru rífleg og mun meiri núverandi notkun þeirra. Ef þeir myndu ganga eftir því að fá að nýta sér þau til fulls gæti það haft umtalsverð neikvæð áhrif á forðastöðu veitunnar. Nú stendur yfir vinna við að verðmeta réttindi eigenda og í framhaldinu verða samningsaðilum gerð tilboð um uppkaup á réttindum.

Þorlákshafnar- og Ölfusveita

Nýtingarleyfisumsókn sem send var Orkustofnun síðla árs 2021 er enn til umfjöllunar og OS hefur ekki gefið til kynna hvenær von er á niðurstöðu. Þessar tafir hafa þó engin áhrif á rekstur hitaveitu.

Austurveita

LoL vinnur að því að þinglýsa samningi um framsal jarðhitaréttinda á jörðinni Glijúfurárholti á jarðir og lóðir sem hafa verið stofnaðar út úr jörðinni eftir að samningurinn var gerður.

Rangárveita

Unnið er að samningum um jarðhitaleit og nýtingu á tveimur svæðum í Rangárveitu. Annars vegar í Marteinstungu og hins vegar á Ási. Samningar við Marteinstungu náðust nú í apríl. Á Ási er um að ræða jarðir í eigu 7 aðila og hafa samningar tekist við 6 af þeim. Síðasta jörðin sem um ræðir er í eigu eignarhaldfélags og hefur samtal við fulltrúa þess gengið rólega þó tónninn sé jákvæður. Óvíst er hvenær niðurstaða fæst. Gera má ráð fyrir að hægt verði að bora í Marteinstungu strax í vor/sumar 2023 og hugsanlega líka á Ási ef samningar nást.

Nýtingarleyfisumsókn vegna núverandi nýtingar í Kaldárholti var send Orkustofnun í desember 2021 er enn til umfjöllunar hjá OS og ekki er ljóst hvenær niðurstaða fæst. Þessar tafir hafa þó engin áhrif á rekstur hitaveitu.